

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SAKARI STJÓRNAR BLÁSARA-SVEITINNI

13. NÓVEMBER 2026
NORÐURLJÓS HARPA

SAKARI STJÓRNAR BLÁSARASVEITINNI

TÓNLEIKAR 13. NÓVEMBER KL. 18:00
NORÐURLJÓS HARPA

SVÖRT TÓNLEIKARÖÐ

PETRI SAKARI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

BLÁSARASVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

PAUL DUKAS (3“)
Fanfare pour précéder La Péri

DARIUS MILHAUD (8“)
Dixtuor
Rude
Lent
Violent

ÍGOR STRAVINSKÍJ (9“)
Sinfóníur fyrir blásara

RUTH GIPPS (7“)
Seascape op. 53

MAGNUS LINDBERG (20“)
Gran Duo

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir án hlés. Tónleikarnir eru teknir upp og verður þeim útvarpað á Rás 1 síðar.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á You Tube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

Reykjavík
Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið
SAMSTARFSAÐILI
Radisson BLU 1919 HOTEL, REYKJAVIK
STOLTUR BAKHJARL
KVIKA Eignastýring
BAKHJARL Í FLUTNINGUM
TVG-ZIMSEN

PETRI SAKARI

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Petri Sakari er þekktur fyrir túlkanir sínar sem einkennast af skýrleika, dýpt og greind. Hann gegndi stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í 10 ár og kom hljómsveitinni á framfæri á alþjóðavettvangi með upptökum á öllum sinfóníum Sibeliusar ásamt öðrum norrænum tónverkum. Hann var einnig aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gävle (2000–2004) og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Turku (2007–2011), fastur gestahljómsveitarstjóri Sænsku kammerhljómsveitarinnar (1995–1997), hljómsveitarstjóri Borgarhljómsveitarinnar í Lohja (1993–1999) og listrænn stjórnandi Pori Sinfonietta (2005–2006). Sakari hefur komið fram sem gestahljómsveitarstjóri með fjölmörgum virtum hljómsveitum víða um Evrópu, meðal annars Sinfóníuhljómsveit austurríska ríkisútvarpsins, BBC-fílharmóníuhljómsveitinni í Wales og Fílharmóníuhljómsveitinni í Strassborg. Hann hefur einnig stjórnað fjölmörgum óperu- og ballettsýningum hjá Konunglegu sænsku óperunni, Finnsku þjóðaróperunni og Óperunni í Gautaborg. Á Íslandi stjórnaði hann meðal annars rómaðri sýningu á óperu Gunnars Þórðarsonar, *Ragnheiði.* Meðal einsöngvara og einleikara sem Sakari hefur komið fram með eru Katia Ricciarelli, Ileana Cotrubaș, Dmitri Hvorostovsky, Kirill Gerstein, Olli Mustonen og Ruggiero Ricci.

Petri Sakari hefur átt farsælan feril á hljómplötumarkaðnum og hljóðritað meira en 30 geisladiska fyrir útgáfur á borð við Sony Classic, Chandos, Naxos, Alba og Caprice. Á þeim hljóma meðal annars verk eftir Edvard Grieg, Hugo Alfvén, Franz Berwald, Uuno Klami og Jón Leifs, auk allra sinfónía eftir Jean Sibelius, Leevi Madetoja og Aarre Merikanto.

Eftir nám hjá hinum goðsagnakennda Jorma Panula í heimalandi sínu, Finnlandi, hélt hann til Bandaríkjanna til náms við Aspen Music School and Festival, auk þess sem hann sótti meistaranámskeið hjá Rafael Kubelík og Franco Ferrara. Petri Sakari sinnir tónlistarkennslu og hefur í gegnum tíðina þjálfað kynslóðir ungra hljómsveitarstjóra. Þá er hann menntaður fiðluleikari og kemur oft fram á kammertónleikum.

Þess ber að geta, að nú eru rétt fjörutíu ár liðin frá því að Petri kom til Íslands og stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn.

TÓNLISTIN

Ballettinn *La Péri* eftir **Paul Dukas** (1865–1935) var frumfluttur í gömlu Parísaróperunni Palais Garnier þann 22. apríl 1912. Efniviðinn í þennan einþáttung sótti höfundurinn í persnesku (írönsku) goðafræðina þar sem undurfagrar vængjaðar verur svífa um sviðið. Lúðrakallið (fanfare) í upphafi sýningarinnar var þó aðallega til þess ætlað að þagga niður skvaldrið í áhorfendunum.

Á árunum 1917–23 samdi franska tónskáldið **Darius Milhaud** (1892–1974) sex þriggja þátta Sinfóníur fyrir litlar hljómsveitir. Sú fimmta sem er frá árinu 1922 er skrifuð fyrir piccoloflautu, þverflautu, óbó, englahorn, klarínettu, bassaklarínettu, tvö fagott og tvö horn. Verkið tileinkaði Milhaud söngkonunni Marya Freund en þau höfðu unnið saman að undirbúningi og frumflutningi á tímamótaverkinu *Pierrot lunaire* eftir Arnold Schönberg. Eins og yfirskriftir jaðarþáttanna benda til eru þeir nokkur hrjúfir að yfirbragði en miðþátturinn er ljúfur og ljóðrænn.

Í næsta atriði bætir heldur betur í flytjendahópinn því nú ganga 24 tré- og málmblásarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á svið. *Sinfóníur fyrir blásturshljóðfæri* eftir rússneska tónskáldið **Ígor Stravinskíj** (1882–1971) er frá árinu 1920. Verkið er í einum þætti en með því að hafa titil verksins í fleirtölu vildi Stravinskíj benda á gamla merkingu orðsins sem er ættað úr grísku og þýðir „að hljóma saman“. Tónverkið tileinkaði Stravinskíj minningu Claude Debussy sem lést 1918 en það var frumflutt í London í júní 1921 og stjórnaði Sergej Kússevítskíj flutningnum.

Ruth Gipps (1921–99) var stómerkilegur persónuleiki í bresku tónlistarlífi. Hún starfaði sem píanóeinleikari en var einnig óbó- og englahornleikari í Borgarhljómsveitarinnar í Birmingham. Þá var hún afkastamikið tónskáld sem lét eftir sig fimm sinfóníur, sjö einleikskoserta auk fjölda kammer- og kórverka. Ruth Gibbs fæddist í sjávarbæ á suðaustur Englandi og var henni hafið ætíð hugleikið. *Seascape* op. 53 samdi hún árið 1958 og er verkið samið fyrir tvo blásarakvintetta.

Tónleikunum lýkur á *Gran Duo*, viðamiklu verki fyrir stóra blásarasveit eftir finnska tónskáldið og píanóleikarann **Magnus Lindberg** (f. 1958). Hann er gífurlega afkastamikið tónskáld og hefur samið á annað hundrað tónverk, þar af hátt á þriðja tug hljómsveitarverka, á annan tug einleikskonserta auk söng- og kammerverka af ýmsum toga.

Sigurður Ingvi Snorrason

SVÖRT TÓNLEIKARÖÐ

Á DÖFINNI

HEIMSHORNA Á MILLI

LAUGARDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 14:00



Barbara Hannigan og blokkflautusnillingurinn Lucie Horsch bjóða ásamt hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands í litríka tónlistarveislu með þjóðlögum frá ýmsum heimshornum. Kraftmiklir austur-evrópskir taktar, suðrænir blokkflautuslagarar og íslenskur þjóðlagaarfur mætast í óvæntri tónlistarferð.

HANNIGAN & CHAMAYOU

LAUGARDAGUR 13. FEBRÚAR KL. 17:00



Barbara Hannigan og píanóleikarinn Bertrand Chamayou bjóða til einstakra söngtónleika í Norðurljósum sem hafa vakið mikla athygli víða um heim. Þeir voru valdir meðal bestu tónleika ársins 2024 af tónlistarblaðamönnum New York Times. Á efnisskránni eru verk eftir Messiaen, Skrjabín og John Zorn.

HLJÓMSVEITIN Á TÓNLEIKUM

FLAUTA
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno
Steinunn Vala Pálsdóttir

ÓBÓ
Matthías Nardeau
Eydís Lára Franzdóttir
Peter Tompkins

KLARÍNETT
Tomer Ornan
Auður Edda Erlendsdóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT
Bryndís Þórsdóttir
Sabina Aran Clota
Brjánn Ingason

HORN
Frank Hammarin
Emil Friðfinnsson
Jason Friedman
Yi-Ling Shih

TROMPET
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Sam Nester

BÁSÚNA
Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA
David Bobroff

TÚBA
August Scheildrop

AÐVENTU-TÓNLEIKAR



3. DESEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

MATTHEW HALLS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

GEIRÞRÚÐUR ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR
EINLEIKARI SELLÓ

Það er fátt sem dregur betur fram eftirvæntingu aðventunnar en hlýleg tónlist klassíska tímabilsins. Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir leikur einleik í léttleikandi D-dúr sellókonserti Haydns, en konsertar hans fyrir hljóðfærið ná alltaf að heilla áheyrendur.

Úr óperu Mozarts um Idomeneo drottningu kemur þokkafull balletttónlist sem er vinsæl ein og sér í tónleikasölum heimsins. Þá hljómar einnig hin svokallaða Linz sinfónía Mozarts sem kennd er við borgina austurrísku undir stjórn Matthew Halls.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050 WWW.SINFONIA.IS